

12. fundur skólanefndar Menntaskólans á Tröllaskaga haldinn 11. nóvember 2010, kl. 14.30 í húsnæði skólans í Ólafsfirði.

**Mættir:** Helgi Jóhannsson formaður, Sigurður Valur Ásbjarnarson, Aðalsteinn Þór Arnarsson, Hildur Ösp Gylfadóttir, Jónína Magnúsdóttir, Bergþór Morthens fulltrúi kennara, Birgitta Þorsteinsdóttir fulltrúi nemenda, Lára Stefánsdóttir skólameistari og Jóna Vilhelmlína Héðinsdóttir aðstoðarskólameistari,

Formaður setti fundinn og byrjaði á að bjóða nefndarmenn velkomna, sérstaklega fulltrúa nemenda sem nú mætir í fyrsta sinn.

## **Dagskrá:**

### **1. Námið**

#### ***1.1 Miðannarmat, niðurstöður***

Skólameistari gerði grein fyrir miðannarmati. Ánægjulegt er hve vel matið kom út og meðaleinkunn góð, í kringum 7 í flestum áföngum. Símataðferðin sem viðhöfð er í skólanum virðist henta nemendum vel.

#### ***1.2 Sprotaverkefnið Úrgangslist***

Skólameistari fór í vettvangsferð með nefndarmönnum og skoðuðu þeir þá vinnu sem nemendur eru í og tengist verkefninu Úrgangslist sem skólinn fékk styrk til úr Sprotasjóði.

#### ***1.3 Nemendaígildi***

Nemendur hafa nú valið fyrir vorönn en ekki er enn alveg ljóst hve margir áfangar verða kenndir. Námsframboð eykst þó. Sama starfsfólk verður á vorönn en starfshlutfall eykst lítillega.

Á haustönn hafa 5 nemendur horfið frá námi eða ekki skráð sig til náms á vorönn. Nú stendur yfir innritun á vorönn og nokkrar umsóknir nýrra nema liggja fyrir. Miðað við óbreyttar aðstæður og drög að fjárlögum er þó ekki mögulegt að taka inn nýja nemendur og ekki fyrirsjáanlegt að hægt verði að taka inn nema lítinn hluta nemenda sem útskrifast úr 10. bekk í vor.

### **2. Staða húsnæðis**

Skólameistari gerði grein fyrir stöðunni á farmkvæmdum við skólann. Flestu er nú lokið en vandamál er enn með ofnakerfi skólans þar sem illa gengur að halda hita á hluta af húsnæðinu. Skólameistari ítrekaði að Fjallabyggð og iðnaðarmenn hefðu staðið sig með miklum sóma og stutt vel við breytingar á skólanum. Enn hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvenær málningavinnu við húsið að utan verður lokið. -Nefndarmenn lýstu yfir ánægju sinni með hvernig til hefur tekist við standsetningu skólans.

### **3. Tröllaskagadeilan**

Skólameistari gerði grein fyrir stöðunni í deilu sem risið hefur milli ráðuneyta, KÍ og Menntaskólans á Tröllaskaga. S.l. föstudag fóru skólameistari, formaður skólanefndar og trúnaðarmaður kennara til fundar í menntamálaráðuneytinu vegna þessa máls. Skólanefnd samþykkir að senda frá sér ályktun til ráðuneytis varðandi málið.

### **4. Önnur mál**

#### ***4.1 Efnisgjöld fyrir haustönn 2010.***

Fyrir liggur tillaga um efnisgjöld í listáföngum frá fjármálastjóra skólans. Skólanefndin samþykkir tillöguna.

#### ***4.2 Verkefnisstjóri fyrir fisktæknibraut***

Skólameistari upplýsti að Óliver Hilmarsson hefði verið ráðinn sem verkefnisstjóri í

skipulagningu fisktæknibrautar við skólann.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:10.

Fundargerð ritaði  
Jóna Vilhelmina Héðinsdóttir